

Viljayfirlýsing

um rannsóknar- og nýsköpunarsetur og samvinnurými

Aðilar viljayfirlýsingar þessarar eru:

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Álklasinn
Brim
Fasteignafélagið Hús ehf.
Fjölbrautaskóli Vesturlands – FVA
Háskóli Íslands
Landbúnaðarháskóli Íslands
Samtök Sveitafélaga á Vesturlandi - SSV
Þróunarfélagið á Grundartanga

Akraneskaupstaður
Breið þróunarfélag
Coworking Akranes
Faxaflóahafnir
Háskólinn á Bifröst
Heilbrigðisstofnun Vesturlands - HVE
Matís
Skaginn 3X

Rannsóknar- og nýsköpunarsetur

Framangreindir aðilar lýsa hér með yfir vilja sínum til að eiga samstarf um að á Akranesi byggist upp rannsóknar- og nýsköpunarsetur auk samvinnurýmis þar sem áhersla verður lögð á þróun og hagnýtingu snjalltækni í tengslum við atvinnulíf á Vesturlandi, á sviði rannsókna, sjávarútvegs, orkusækins iðnaðar, ferðaþjónustu og skapandi greina. Þá verði lögð áhersla á verkefni sem stuðla á einn eða annan hátt að því að Ísland nái að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar í umhverfismálum.

Markmið aðila er að skapa umhverfi þar sem miðlun ólíkrar þekkingar á sviði tækni, lýðheilsu og umhverfismála muni stuðla að rannsóknum og nýsköpun í fremstu röð sem muni leysa úr ólíkum áskorunum og vandamálum sem að heiminum steðja.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, er sérlegur verndari verkefnisins um stofnun rannsóknar- og nýsköpunarseturs auk samvinnurýmis á Breið.

Markmið samstarfsins:

Kvik og aðlaðandi aðstaða fyrir frumkvöðla

- Byggt verði upp rannsóknar- og nýsköpunarsetur, aðstaða sem býður upp á lifandi starfsemi og innblástur til skapandi lausna þvert á greinar.
- Stafrænni smiðju (Fab Lab) komið fyrir í húsnæði sem geri frumkvöðlum og nemendum kleift að vinna saman að hönnun og útfærslu hugmynda.
- Samstarf við lykilatvinnugreinar og öflug fyrirtæki um nýsköpun í snjallvæðingu.

Rannsóknir á hafi og miðlun þekkingar

- Sköpun nýrrar þekkingar og hagnýting hennar er lykill að lífsgæðum og auðugu mannlífi til framtíðar. Áhersla á rannsóknir á hafinu og nýsköpun hefur aldrei verið mikilvægari.
- Miklar umhverfisbreytingar eiga sér stað og áriðandi er að efla grunnrannsóknir, m.a. á umhverfisbreytingum eins og súrnun sjávar.

Snjall- og nýsköpunarnám

- Markvisst verði unnið að því að skólar á Akranesi, á grunn- og framhaldsskólastigi, skapi sér sérstöðu með því að efla snjall-, hönnunar- og nýsköpunarnám – með öflugum tengingum og samstarfi við nýsköpunarsetrið.
- Unnið verði að uppbyggingu samstarfs við innlenda og erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir.
- Frumkvöðlar verða lykilafli í að skapa ný störf og lausnir á tímum 4. iðnbyltingarinnar. Verkvit, hugvit og viðskiptavit þurfa að fara saman og skapa þarf aðstæður þar sem þessir þættir ná að þroskast og dafna. Skýr sýn, öflugur stuðningur og samstarf menntastofnana, öflugra fyrirtækja og opinberra aðila þarf að koma til.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like JIA, HVE, and others, along with some illegible scribbles.

Samvinnurými

Aðilar lýsa einnig yfir vilja sínum til að eiga samstarf um að á Akranesi byggist upp samvinnurými sem auðveldar fólki fjarvinnu.

Samvinnurými - fjarvinnuaðstaða

- Komið verði upp aðstöðu á Breið á Akranesi – samvinnurými – sem er aðlaðandi og lifandi vinnurými þar sem fólk getur stundað fjarvinnu frá vinnustað að hluta eða öllu leyti.

Störf án staðsetningar

- Ráðuneyti og opinberar stofnanir geti nýtt samvinnurými á Breið til að styðja við framkvæmd stefnumarkandi byggðaaætlunar um „Störf án staðsetningar“. Reynsla sem af þessu fæst verði svo nýtt víðar um landið.

Mikil þróun hefur átt sér stað á undanförunum árum varðandi fjarvinnu s.s. í stefnu fyrirtækja, í viðhorfi atvinnuveitenda og starfsmanna og með tilkomu ýmis konar samskiptatækni. Alþingi hefur samþykkt byggðaaætlun um „Störf án staðsetningar“. Lærdómur af fjarvinnu á tímum COVID-19 sýnir að hægt er að vinna í töluverðum mæli utan vinnustaðar með nútímataekni. Mikill fjöldi Akurnesinga sækir daglega vinnu á höfuðborgarsvæðið. Sama á við um íbúa annarra sveitarfélaga í svipaðri fjarlægð frá höfuðborginni. Ákveðin lífsgæði felast í því að spara langa ferð til og frá vinnu á hverjum degi auk þess sem minni umferð dregur úr neikvæðum umhverfisáhrifum og kostnaði.

— Breið þróunarfélag

- Akraneskaupstaður og Brim hafa undanfarna mánuði, með aðstoð KPMG ráðgjafar og í samráði við íbúa Akraness og fleiri aðila, mótað stefnu um mögulega atvinnuuppbyggingu og nýsköpun á Akranesi. Í því ferli hefur verið litið til styrkleika svæðisins og sögu, alþjóðlegra strauma og áherslna ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu íslensks samfélags til framtíðar.
- Breið þróunarfélag er stofnað af Akraneskaupstað og Brimi til að vinna að víðtækri uppbyggingu á Akranesi með áherslu á Breið og nágrenni.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including names like KUB, LSI, PHRG, TAB, IA, and others, along with various initials and symbols.

Undirritun

Undirritun aðila viljayfirlýsingar:


Þórdís Kolbrún El. Gylfadóttir,

ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

F.h. Akraneskaupstaðar



Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri

F.h. Álklasans



Guðjörg Hrónn Óskarsdóttir, klasastjóri

F.h. Breiðbrúnarfélags



Valdís Fjölndóttir, framkvæmdastjóri

F.h. Brims




Kristján P. Davíðsson, stjórnarformaður

F.h. Coworking Akranes



Heiðar Mar Björnsson, framkvæmdastjóri

F.h. Fasteignafélagið Hús ehf.



Ólöf Linda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri

F.h. Faxaflóahafna



Kristín Soffía Jónsdóttir, formaður

F.h. Fjölbrautaskóla Vesturlands




Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari

F.h. Háskólans á Bifröst




Vilhjálmur Egilsson, rektor

F.h. Háskóla Íslands




Jón Atli Benediktsson, rektor

F.h. Heilbrigðisstofnunar Vesturlands - HVE



Jóhanna Fjóra Jóhannsdóttir, forstjóri

F.h. Landbúnaðarháskóla Íslands



Ragnheiður Þórarinsdóttir, rektor

F.h. Matís




Oddur M. Gunnarsson, forstjóri

F.h. Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi



Ulja Björg Ágústsdóttir, formaður

F.h. Skagans 3X



Ingólfur Árnason, framkvæmdastjóri

F.h. Þróunarfélags Grundartanga



Ólafur Adólfsson, stjórnarformaður